

2. Stjórnarfundur Náttúrustofu Austurlands 2022

Haldinn í netheimum (Zoom) 6. desember 2022 kl. 15:00

Mættir: Líneik Anna Sævarsdóttir sameiginlegur fulltrúi sveitarfélaganna og formaður, Stefán Bogi Sveinsson, meðstjórnandi og fulltrúi Múlapings, Gunnar Sveinbjörn Ólafsson, ritari og fulltrúi Fjarðabyggðar og Kristín Ágústsdóttir forstöðumaður.

1. Staðan fyrstu 10 mánuði ársins og áætlun til ársloka 2022

Forstöðumaður fer yfir stöðuna. Umfang rekstrar árið 2022 er töluvert meira en áætlað var í upphafi árs og í takt við verkskil er örlítil óvissa um hvoru megin við núll afkoma ársins verður.

2. Viðmiðunartaxti útseldra verkefna 2023

Rætt um forsendur fyrir hækkun á viðmiðunartaxta útseldra verkefna. Formaður leggur fram tillögu um 5% hækkun með hliðsjón af launaþróun og verkefnastöðu. Tillagan samþykkt.

3. Drög að fjárhagsáætlun 2023 og verkefnastaða næsta árs

Forstöðumaður fer yfir fjárhagsáætlun ársins 2023 og helstu forsendur. Óvissa í verkefnum og sértekjum svipuð og á sama tíma á síðustu árum. Gert er ráð fyrir að rekstur ársins 2023 verði í jafnvægi.

4. Starfsmannamál

Farið var yfir starfsmannamál. Í kjölfar þess að starfsmaður hætti störfum var ákveðið að ráða í eitt stöðugildi á grundvelli umsókna sem bárust í kjölfar atvinnuauðlýsingar frá því í maí. Mun hann hefja störf í ársbyrjun.

5. Önnur mál

- Forstöðumaður segir frá ársfundi náttúruverndarnefnda Umhverfisstofnunar og forstöðumanna náttúrustofa sem haldinn var 10. nóvember og hún sótti fyrir hönd náttúrustofunnar.
- Formaður stjórnar segir frá náttúrustofupingi og ársfundi Náttúrufræðistofnunar Íslands sem haldnir eru árlega, en þeim var slegið saman í einn fund í fyrsta sinn þann 28. september.
- Fram kom spurning um vinnulag við undirbúning á tillögu NA um hreindýrkvóta til hreindýraráðs. Forstöðumaður fór yfir fyrirkomulagið sem viðhaft var síðustu tvö skiptin, þegar opið samráð var viðhaft um drög að tillögu um hreindýrkvóta. Í ár, líkt og í fyrra, var tekið við skriflegum athugasemdum við kvótatillögu Náttúrustofu Austurlands til 25. nóvember og gengið frá tillögu að samráði loknu (sjá nánar á vefnum na.is). Stjórnin lýsir yfir ánægju með þetta verklag.

Fleira ekki gert, fundið slitið 16.15

Fundargerð ritaði Gunnar Sveinbjörn Ólafsson.